

## AUGLÝSING

**94 um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á**  
26. júlí **lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 82 24. sept. 1929.**

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglu-  
samþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting  
á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

### 1. gr.

Á eftir 52. grein komi ný grein, sem verði 53. grein:  
Bifreiðarstjóri skal gæta þess rækilega, að þannig sé gengið frá hlassi á bifreið  
hans, að ekkert geti fallið af, og þegar tómtunnur eru fluttar, skal bifreiðarstjóra  
skyld að hafa net, er sé nægilega sterkt að dómi lögreglunnar, til þess að slá yfir  
þær

### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júlí 1938.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

**95**  
28. júlí

## REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 18. júlí 1928.**

Aftan við 2. mgr. 36. gr. komi nýr málslíður svo hljóðandi:

Nú hefir lögreglustjóri tekið skipsskjöl í sínar vörzlur til tryggingar greiðslu  
lögmetra gjalda í rikissjóð, og er honum þá óheimilt að láta skjölin af hendi nema  
sýnd sé kvittun frá gjaldkera hafnarsjóðs Siglufjarðar, er sýni að öll gjöld skips  
til hafnarsjóðs hafi verið að fullu greidd.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917,  
til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að  
máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Páll Palmason.*